



# Sjálfsmatsskýrsla – innra mat

Hrafnagilsskóla 2016 – 2017



## Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2016 – 2017 – unnin út frá umbótaáætlun skólans.

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Til grundvallar umbótaáætlun er sjálfsmatsskýrsla síðasta skólaárs ásamt öðrum matsgögnum. Til að mynda, kannanir Skólapúlsins á námi og líðan nemenda. Starfsmanna- og foreldrakannanir í Skólapúlsinum. Kannanir meðal kennara og starfsmanna (mat á skólastarfi að vori, mat á jákvæðum aga, mat á starfsháttum o.fl.). Einnig liggur til grundvallar námsmat Hrafnagilsskóla, niðurstöður Samræmdra prófa og lesskimana. Fyrir umbótaáætlun þessa skólaárs höfðum við einnig í höndum skýrslu með niðurstöðum ytramatsúttektar Menntamálastofnunar frá vori 2016.

### I hluti – Starfshættir og stjórnun

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/framhald
<b>Jafningjafræðsla og endurgjöf.</b>	Skólaárið	Að auka endurgjöf til kennara.	Að kennarr/ stjórnendur fari reglulega í kennslustundir og gefi endurgjöf á þær.	Kennarar og stjórnendur.	Vor 2017	Matslistar, gátlistar.	Haldið áfram með slíkar heimsóknir. Eftir að finna heimsóknunum mótaðri farveg í skólastarfinu og festa í sessi.
<b>Áætlun um sérkennslu og stuðning.</b>	Skólaárið.	Að gera árlega áætlun um sérkennslu og stuðning.	Áætlun til að vori þegar hugað er að mönnun og stundarskrágerð er í gangi. Endurskoðuð að hausti.	Stjórnendur og sérkennara-teymi.	Vor 2017	Áætlun tilbúin.	Erfitt að fullmóta slíka áætlun en hún er endurskoðuð jafnt og þétt með þarfir skólans í huga hverju sinni.
<b>Gildi skólastarfsins</b>	Skólaárið	Að gera skólastefnuna sýnilegri í skólanum.	Að gera hin fjögur gildi skólastefnunnar sýnilegri öllum í skólasamfélaginu. Útbúa mynd/ sjónræna útgáfu.	Stjórnendur.	Vor 2017	Hengt upp á vegg og birt á heimasíðu.	Hefur ekki verið unnið.
<b>Heimasíða grunnskólans</b>	Skólaárið	Endurvinnna heimasíðu skólans og bæta inn á hana upplýsingum sem vanta.	Setja upp áætlun um hvað á að vera á heimasíðunni og bæta hana. Taka út úreldrar upplýsingar.	Skólastjórnendur og tölvuumsjónarmaður.	Vor 2017	Heimasíða tilbúin	Endurskoðun heimasíðu langt komin haust 2017. Er í ferli.
<b>Grunnþættir menntunar</b>	Skólaárið	Unnið eftir umbótaráætlun	Sjá umbótaráætlun.	Kennarar og stjórnendur.	Vor 2017	Endurskoðuð að vori á kennarafundi.	Flestir þættir umbótaáætlunar gengu eftir. Ný umbótaáætlun unnin.

<b>Útiskóli</b>	Skólaárið	Að koma á virkri útikennslu á öllum skólastigum. Að endurbæta aðstöðu í Aldísarlundi.	Kennarar og starfsfólk sækir námskeið um útikennslu. Koma á virku teymi vina Aldísarlundar með þátttöku foreldra. Framkvæmdaáætlun fyrir næstu ár.	Skólastjórnendur og útikennslustjóri:	Vor 2017	Framkvæmdaáætlun tilbúin.	Þróunarverkefni í gangi. Hefur tekist vel til við að efla útikennslu og því haldið áfram 2017 – 2018.
<b>Heilsueflandi grunnskóli</b>	Skólaárið	Að auka vitund skólasamfélagsins um mikilvægi heilsutengds lífstíls og tileinka sér hann.	Áhersluþættir í vetur: Geðheilbrigði.	Stýrihópur, fagteymi og stjórnendur.	Vor 2017	Framkvæmdaáætlun tilbúin.	Unnið eftir framkvæmdaáætlun, tókst vel til og ný áætlun gerð fyrir 2017 – 2018.
<b>Námsmat aðalnámsskrár</b>	Skólaárið	Að námsmat verði aðlagð nýrri aðalnámsskrá.	Allir nemendur skólans fá einkunnir eftir nýjum einkunnarskala aðalnámsskrár.	Skólastjórnendur og kennarar.	Vor 2017	Nýr einkunnakvarði.	Búið að taka í notkun nýjan einkunnakvarða. Unnið með nýtt viðmót í mentor.
<b>Hæfniviðmið</b>	Skólaárið	Að hæfniviðmið verði aðgengileg í mentor fyrir kennara og sýnileg nemendum og foreldrum.	Unnið á nýju svæði í Mentor Námsmarkmið yfirfarin og sett inn í mentor.	Kennarar og aðstoðar-skólastjóri.	Haust 2016	Unnið í nýju kerfi á vorönn 2017.	Komið af stað, haldið áfram 2017 – 2018.
<b>Jafnréttisáætlun</b>	Haust 2016	Unnið eftir jafnréttisáætlun.	Jafnréttisnefnd skólans endurskoðar jafnréttisáætlun skólans. Farið yfir á fundum nokkrum sinnum yfir skólaárið.	Nefnd og stjórnendur.	Vor 2017	Jafnréttisáætlun á heimasíðu.	Eftir að klára.

## II hluti – Nám og líðan

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/framhald
<b>Jákvæður agi</b>	Skólaárið	Upprifjun að hausti. Námskeið fyrir kennara. Endurvekja gríðar-staði og lausnarstaði. Leshringur um grunnbók. Námskeið fyrir nýtt starfsfólk og frístund.	Inga Huld Pálsdóttir kemur á kennarafund að hausti með upprifjun. Leshringur heldur áfram.	Hrund og Lísbet.	Vor 2017	Kennaramat að vori.	Samkvæmt mati er jákvæður agi notaður í skólanum hjá öllu starfsfólki. Leshringur heldur áfram að hausti.
<b>Læsisstefna læsisátak</b>	Skólaárið	Skólinn tekur þátt í þjóðaátaki um læsi. Stefnan að bæta árangur nemenda í lestri.	Koma á framkvæmdaáætlun. Ákveða þætti sem á að meta. Áhersla á ritun og lestur á öllum aldursstigum.	Skólastjórnendur og læsisteymi.	Vor 2017	Teymi ákveður matsþætti.	Ákveðið að vinna að endurskoðun lestrarstefnu skólaárið 2017 – 2018.
<b>Árangur</b>	Skólaárið	Að leita leiða til að efla enn frekar árangur nemenda.	Rýna í gögn og skapa vettvang til umræðna meðal kennara og stjórnenda um þennan mikilvæga þátt.	Stjórnendur	Vor 2017	Aðgerðaráætlun tilbúin.	Rætt á kennarafundi í ágúst 2017. Aðgerðaráætlun.
<b>Val nemenda</b>	Skólaárið	Að tryggja að allir nemendur hafi val um verkefni og námsgreinar.	Huga að vali nemenda á öllum stigum. Auka val nemenda.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2017	Aðgerðaráætlun tilbúin.	Rætt á kennarafundi í ágúst 2017. Aðgerðaráætlun.
<b>Bráðgerir nemendur</b>	Skólaárið	Að skoða leiðir til að koma enn betur til mótis við bráðgera nemendur.	Aukin tækifæri til að bæta við og dýpka nám sitt. Hagnýting ímyndunarafli. Hugsa út fyrir boxið.	Kennarar	Vor 2017	Aðgerðaráætlun/hugmyndabanki tilbúinn.	Rætt á kennarafundi í ágúst 2017. Aðgerðaráætlun.
<b>Nemendasamtöl</b>	Skólaárið	Að koma á reglulegum nemendasamtölum.	Gefa rými og skipuleggja með kennurum nemendasamtöl.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2017	Allir nemendur skólans hafa fengið samtal.	Unnið á kennarafundi í ágúst 2017. Aðgerðaráætlun.
<b>Skólapúlsinn Nemendur</b>	Vor 2017	Líðan nemenda.	Rýna í niðurstöður Skólapúlsins um líðan nemenda.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2017	Könnun Skólapúlsins í okt. og apríl.	Líðan nemenda í Hrafnagilsskóla yfir meðallagi á landsvísu. Hefur haldist milli ára, sjá línurit neðar í skýrslunni.


<b>Skólupúlsinn starfsfólk</b>	Vor 2017	Líðan starfsfólk.	Rýna í niðurstöður Skólupúlsins um líðan starfsfólks.	Stjórnendur	Vor 2017	Könnun í mars.	Starfsánægja í Hrafnagilsskóla er yfir meðallagi á landsvísu. Hefur haldist milli ára, sjá línurit neðar í skýrslunni.
--------------------------------	----------	-------------------	---	-------------	----------	----------------	--

### III hluti – Skólanámskrá og mat á skólastarfi


	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/framhald
<b>Móttökuáætlun fyrir nemendur.</b>	Skólaárið.	Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir.	Að vinna að og birta móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir og þá sem hafa annað móðurmál en íslensku.	Sérkennarar og stjórnendur.	vor 2017	Birt í skólanámskrá.	Tilbúin.
<b>Skipurit</b>	Skólaárið	Að útbúa skipurit.	Að gera greinargott skipurit sem endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.	Stjórnendur og sveitarstjóri.	Haust 2016	Birt í starfsáætlun.	Er í vinnslu, búið að útbúa drög en eftir að fara í gegnum skólanefnd.
<b>Samstarf milli skólastiga</b>	Skólaárið	Að gera verkferla sýnilega.	Að skrá og birta á heimasíðu regluleg samskipti við önnur skólastig.	Skólastjóri	Haust 2016	Birtist á heimasíðu.	Er komið í starfsáætlun 2017 – 2018.
<b>Skólareglur</b>	Skólaárið	Endurskoðun skólareglna.	Að virkja hagsmunaaðila skólans til að endurskoða almennar skólareglur þ.m.t. nemendur og foreldra.	Stjórnendur.	Vor 2017	Skólareglur samþykktar að nýju eftir endurskoðun.	Ekki náðist að klára endurskoðun skólareglna. Það verður gert veturinn 2017 – 2018.
<b>Skólareglur</b>	Skólaárið	Gera skólareglur sýnilegri.	Hafa skólareglur á heimasíðu skólans og á göngum.	Stjórnendur.	Vor 2017	Birtar á heimasíðu og á göngum.	Gert í kjölfar endurskoðunar.
<b>Meðferð upplýsinga</b>	2016 – 2018	Verklagsreglur um meðferð upplýsinga.	Að vinna verklagsreglur um meðferð upplýsinga gagnvart nemendum.	Skólasjóri	Vor 2018.	Birt í skólanámskrá og á heimasíðu.	Fer í næstu umbótaáætlun.
<b>Námsvísar</b>	Skólaárið	Að námsvísar/áætlanir allra námsgreina birtist í skólanámskrá.	Að námsáætlanir og framvinda í námi og kennslu sé sýnilegt í skólanámskrá.	Samvinna stjórnenda og kennara.	Vor 2018	Birt í skólanámskrá haust 2018.	Unnið skólaárið 2017 – 2018.

Áætlun um innra mat	Skólaárið	Að útbúa langtímaáætlun um innra mat.	Að gera áætlun um innra mat til 3-5 ára. Hafa matsteymi með í ráðum.	Skólastjóri	Vor 2017	Birt í skólanámskrá 2018	Er í vinnslu.
---------------------	-----------	---------------------------------------	--	-------------	----------	--------------------------	---------------


Velliðan starfsmanna – Skólapúlsinn 2016 – 2017 (mælt í febrúar 2017)



## 2.1. Starfsánægja í skólanum – Ársmeðaltöl




Vellíðan nemenda – Skólapúlsinn 2016 – 2017 (mælt í október og apríl).





### 2.3. Vellíðan – Ársmeðaltöl



[Vista mynd](#)

Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild. Athugið að breyting á landsmeðaltali frá skólaárinu 2014-15 til 2015-16 skýrist að einhverju leyti af því að í ár er landsmeðaltalið vigtað í samræmi við stærð skóla. Marktektarprófum var bætt við línurit ársmeðaltala frá og með árinu 2014.